




UMHVERFISSTOFNUN

# Kynningarfundur um merkingar á efnavörum

*Haldinn í samstarfi SI, SVP, FA og Umhverfisstofnunar  
5. apríl 2017*

# Dagskrá

- 10.00-10.05 Opnun
  - 10:05-10:20 Efnalögin og eftirlit með efnavörum – Björn Gunnlaugsson
  - 10:20-10:30 Öryggisblöð - flæði upplýsinga í aðfangakeðjunni - Björn Gunnlaugsson
  - 10:30-11:30 Flokkun og merking á efnavörum, ábyrgð fyrirtækja og eftirlit – Einar Oddsson
  - 11:30-11:40 Þvingunarúrræði og viðurlög – Maríanna Sæid
- 



UMHVERFISSTOFNUN

# Efnalögin og eftirlit með efnavörum


*Kynningarfundur um merkingar á efnavöru*

*5. apríl 2017*

Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri Efnateymis


# Efnin eru allt í kringum okkur

- Meginmarkmið laga og reglugerða að stuðla að öruggri notkun efnavara og koma í veg fyrir að þær valdi skaða á heilsu fólks og umhverfi
  - Öryggi og gæði í fyrirrúmi
- Hættulegustu efnin bönnuð eða háð takmörkunum
- Þeir sem markaðssetja efnavörur bera ríka ábyrgð að tryggja löglegar vörur á markaði



# Eftirlit er þjónusta

- Fyrir neytendur
  - Markmiðið að tryggja löglegar vörur á markaði og vernda þannig heilsu fólks og umhverfi
- Fyrir birgja / þann sem markaðssetur
  - Eftirlitsaðilinn fræðir birgjann um þær reglur sem gilda, leiðbeinir um úrlausn mála og heldur kynningarfundum
  - Tryggir jafnræði á markaði - sama krafa er gerð til aðila á markaði
  - Mikilvægt aðhald



# Efnateymið



- 7 stöðugildi í dag
  - 6 sérfræðingar og 1 lögfræðingur
- Reglubundin verkefni
  - Þjónustuborð, greining Evrópugerða, drög að nýjum reglugerðum, gagnaskil, heimildir til tollafgreiðslu...
- Markaðseftirlit
  - Hugmyndafræði verkefnastjórnunar – skýrt afmarkað umfang (EN: *scope*)
  - Fylgja eftir tilkynningum og ábendingum um ólöglega vörur á markaði, m.a. með eftirlitsferðum í fyrirtæki
- Umbótaverkefni
  - Verkferlar og gagnageymsla. Hluti af gæðastefnu UST.
- Erlent samstarf í efnamálum

# Efnaeftirlit 2014-2016

- Markaðseftirlit frá 1. janúar 2014
  - Úrtakseftirlit af markaði og hjá birgjum
  - Birgjar krafðir um úrbætur
- Eftirlitsáætlun fylgt sbr. efnalög þar sem forgangsraðað er eftir áhættu og umfangi
  - *Áherslur í efnamálum 2014-2016*
- Verkferlar þróaðir og „verkfæri“ efnalaga mátuð og nýtt
- Niðurstöður eftirlits birtar á heimasíðu UST
  - [Samantektir Efnateymis](#)
  - [Eftirlitsverkefni](#)




Áherslur í efnamálum  
2014-2016



# Efnaeftirlit 2014-2016

- 30 eftirlitsverkefni á 3 árum
- 199 eftirlitsferðir
- 1210 vörur skoðaðar
- 443 vörur með frávík (=37%)




- Há tíðni frávika frá reglum um merkingar
  - Minnst um frávík í snyrtivörum
  - Umbreytingatímabil stendur yfir
    - nýjar merkingarreglur að taka gildi
    - ný ákvæði varðandi plöntuverndar- og sæfivörur



# Efnaeftirlit 2014-2016

- Úrtakseftirlit
  - skoðum frekar fáar vörur – há tíðni frávika – margar vörur á markaði sem ekki fullnægja kröfum
  - 1. spurning: Bregðist fyrirtæki aðeins við frávikum vegna vara sem eru í úrtaki?
  - 2. spurning: Uppfæra fyrirtæki allar merkingar í kjölfar eftirlits?
- Eftirlitsverkefni eru of lengi í vinnslu => of langur tími líður frá eftirliti þar til niðurstöður liggja fyrir
  - höfum skerpt á tímafrestum til að senda út eftirlitsskýrslur (3 vikur frá eftirliti)
  - birtum á niðurstöðum eftirlits sem fyrst eftir að frestur til að bregðast við frávikum er útrunninn



# Áherslur í efnamálu 2017-2019

- Eftirlitsáætlun til þriggja ára er í vinnslu
- Áhersla á merkingar í öllum vöruflokkum
- Höldum áfram að þróa verklag við eftirlit:
  - Kynning – Eftirlit – Könnun á upplifun eftirlitsþega
- Eftirlitsverkefni fyrir 2017 hafa verið skilgreind:
  - 12 verkefni, þar af 3 sem tengjast merkingum
- Nýr málaflokkur bætist við => eldsneyti
  - 2 eftirlitsverkefni 2018

